


Heilsueflandi samfélag í Hafnarfirði

Ársskýrsla fyrir árið 2018



HAFNARFJÖRÐUR



Heilsueflandi samfélag



- Hafnarfjörður gerist aðili að verkefni landlæknis um heilsueflandi samfélag í byrjun árs 2015
- Sett voru meginmarkmið um heilsustefnu í Hafnarfirði sem samþykkt var 2017 undir stjórn lýðheilsufræðings
- Verkefnastjóri stýrihóps um heilsueflandi samfélag heldur utan um verkefni og störf stýrihóps í Hafnarfirði
- Fyrsta ársskýrsla heilsueflandi samfélags í Hafnarfirði lítur dagsins ljós í október 2019

Meginmarkmið heilsustefnu



M-1 Efla vellíðan íbúa

Til að efla sjálfsmynd og vellíðan þarf að styrkja stoðir og hvetja alla aðila samfélagsins til að hafa áhrif, hvort sem um ræðir starfsfólk, foreldra eða aðra hlutaðeigandi. Samstarf við hagsmunaaðila er mikilvægt við nánari útfærslur á aðgerðum og upplýsingagjöf um þjónustu og lausnir er mikilvægur hlekkur í heildarmyndinni. Þannig er náð samstarf við alla aldurshópa lykillinn að árangri.

M-2 Efla opin svæði og göngu- og hjólastíga

Upplýsa þarf betur um þá útivistarmöguleika sem standa til boða í Hafnarfirði og í jaðri bæjarins og stuðla þannig að hreyfingu og útvist. Unnin verður heildarstefna um göngu- og hjólastíga og stuðlað að einfaldari og skýrari merkingum, samhliða því að gera kort að göngu- og hjólaleiðum innan bæjarins aðgengilegri. Tryggja þarf aðgengi fyrir alla á opnum svæðum og göngustígum og góða tengingu stíga við önnur bæjarfélög. Snjómokstur á gönguleiðum í leik- og grunnskóla bæjarins skal vera í forgangi svo tryggja megi að börn geti alltaf gengið í skólann.

M-3 Jafna aðgengi og hvetja íbúa til að neyta hollrar fæðu

Vinna þarf að fræðslu og tryggja jöfnuð í aðgengi að hollri fæðu í mannvirkjum og stofnunum á vegum bæjarins. Tryggja þarf aðgengi að vatni og fjölbreyttu fæðuvali á öllum stofnunum bæjarins. Bærinn á að vera til fyrirmyndar í þessum efnum og öðrum hvatning. Einnig er verðugt að leggja áherslu á aukna ræktun matjurta meðal íbúa með ýmsum leiðum.



HAFNARFJÖRÐUR



Stýrihópur



- Stýrihópur um heilsueflandi samfélag er skipaður starfsfólki af öllum sviðum stjórnsýslunnar, fulltrúum frá leik- og grunnskóla ásamt fulltrúa Markaðsstofu
- Hópurinn fundar aðra hvora viku þar sem rýnt er í hugmyndir sem falla að markmiðum um heilsueflandi samfélag, verkefnum hrundið í framkvæmd eða fundinn farvegur
- Stýrihópurinn kallar jafnframt til sín aðila til að kynna fyrir hópnum verkefni, hugmyndafræði eða annað sem á erindi
- Stýrihópurinn tekur á móti hugmyndum og á í samstarfi við aðila í samfélaginu um heilsueflandi verkefni

Samvinna við Landlæknisembættið

- Fjöldi heilsueflandi samfélaga í landinu fer vaxandi og eru um 80% íbúa landsins búsettir í heilsueflandi sveitarfélögum
- Landlæknisembættið vinnur að þróun mælikvarða eða lýðheilsuvísa sem eru til þess fallnir að veita yfirsýn yfir lýðheilsu eftir umdæmum
- Landlæknisembættið kallar reglulega til vinnustofu með aðilum frá öðrum heilsueflandi samfélögum þar sem hugmyndum og verkefnum er miðlað og tengslanetið styrkt



Verkefni 2018

M-1 Efla vellíðan íbúa

VERKEFNI

- SÍBS heilsufarsmælingar
- Lífshlaupið
- Núvitund í Bæjarbíói
- Fyrirlestur um þakklæti tengt öldrun
- Ratleikur sumar 2018 og uppskeruhátíð
- Opnunartími sundlauga
- Sidekick, starfsmannaheilsuleikur
- Innleiðing á núvitund í leikskólann Smáralund
- Fræðsla um geðvernd og geðsjúkdóma fyrir 9. bekk grunnskóla
- Forvarnarfræðsla um munntóbak
- Aukinn frístundastyrkur
- Frístundastyrkur útvíkkaður
- Janusar verkefni, heilsuefling fyrir eldri borgara Hafnarfjarðar
- Rannsóknin Ungt fólk

M-2 Efla opin svæði og göngu- og hjólastíga

VERKEFNI

- Sumargöngur 2018
- WappApp í samstarfi við Núvitundarsetrið
- Brúkum bekki

M-3 Jafna aðgengi og hvetja íbúa til að neyta hollrar fæðu

VERKEFNI

- Starfshópur um fæðismál í grunnskólum
- Innleiðing matseðla í alla leikskóla Hafnarfjarðarbæjar
- Matarsáttmáli unnin fyrir leikskóla í samstarfi við næringarfræðing
- Innleiðing hefst á ávaxtastund í grunnskólum

Önnur heilsueflandi verkefni

- Flensborgarhlaup, kynning og stuðningur
- Skilti fyrir heilsubæinn. Umræður um bæjarmerki
- Kaldárhlaup, kynning og stuðningur
- Merkingar í íþróttamannvirki bæjarins
- Hljóðvist í leik- og grunnskólum - hljóðvistarplötur
- Vinnustofur Landlæknisembættisins sem stýrir verkefninu.

Innsýn í upphaf verkefna árið 2019

Í lok árs 2018 voru eftirfarandi verkefni í vinnslu	Tímaáætlun
Samstarf við SÍBS heilsufarsmælingar	Janúar
Matarseglar frá landlæknisembætti í dreifingu	Janúar
Kynning á heilsueflandi samfélagi	Endurskinsmerki í pöntun, gjöf til yngstu barna grunnskóla Einkenniskort starfsmanna bæjarins merkt “Heilsueflandi samfélag”
Viðburður í Bæjarbíó: Vöxtur og vellíðan	Janúar



Rekstur verkefna 2018




- Veitt var fjárheimild til heilsueflandi verkefna fyrir 10 milljónir
- Samtals voru bókaðir reikningar fyrir tæplega 5 milljónir vegna heilsueflandi samfélags í Hafnarfirði
- Nánari sundurliðun er að finna í ársskýrslu



Framundan

- Það sem af er árinu hefur fjölmörgum heilsueflandi verkefnum verið hrundið í framvæmd
- Stýrihópurinn hefur fundið takt og vinnulag við að koma verkefnum áfram, fá til sín fólk með fræðslu og efla tengsl
- Áhersla lögð á að auka sýnileika heilsueflandi samfélags
- Efla samvinnu við þá aðila sem koma að heilsueflingu í Hafnarfirði með einum eða öðrum hætti
- Vinna frekar með tölulegar upplýsingar frá landlækni og íhlutun út frá þeim gögnum sem þar birtast

Heilsuefning er langhlaupog það er hafið!



HAFNARFJÖRÐUR

